

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 842/2014****2015/EES/34/30****frá 4. júlí 2014****um gerð vöruskrár ESB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2014 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 frá 19. desember 1991 um að hefja könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3924/91 ættu aðildarríkin að gera könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu.
- 2) Könnun á iðnaðarframleiðslu verður að byggjast á vöruskrá þar sem tilgreind er sú iðnaðarframleiðsla sem ber að kanna.
- 3) Vöruskrá er nauðsynleg samræmingu framleiðslutalna og hagskýrslna um utanríkisverslun og til að gera mögulegan samanburð við vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA).
- 4) Vöruskráin, sem gerðar eru kröfur um í reglugerð (EBE) nr. 3924/91, og nefnist „vöruskrá ESB“ [áður „vöruskrá EB“], gildir fyrir öll aðildarríkin og er nauðsynleg fyrir samanburð á gögnum milli aðildarríkja.
- 5) Uppfæra þarf vöruskrá ESB og því ber að semja skrána fyrir árið 2014.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslu-kerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Vöruskrá ESB fyrir árið 2014 skal vera eins og sett er fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 236, 8.8.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 374, 31.12.1991, bls. 1

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júlí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins L 236, 8.8.2014, bls. 3-388]